

Viðauki við grunnlýsingu dagsetta 14. febrúar 2020 vegna 70.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020. sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Grunnlýsing dagsett 14. febrúar 2020 útgefin af Reitum fasteignafélagi hf. (hér eftir nefnd grunnlýsingin og Reitir eða félagið), auk viðauka við hana dags. 22. júní 2020, skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

Hækkun á útgáfuramma Reita fasteignafélags hf.

Í grunnlýsingunni er vísað til þess að stjórn Reita fasteignafélags hf. hafi í nóvember 2015 sett útgáfuramma um útgáfu skuldabréfa félagsins og nam hann 70.000.000.000 kr. Á stjórnarfundum þann 16. nóvember 2020 ákvað stjórn félagsins að hækka útgáfurammann upp í 100.000.000.000 kr.

Af framangreindri hækkun útgáfurammans leiðir að gera þarf eftirfarandi breytingar á grunnlýsingunni:

Í *kafla 2.1 Útgáfuramminn* skal breyta fjárhæðinni í 2. línu úr „70 ma.kr.“ í „100 ma.kr.“

Í *kafla 3 Skilmálar skuldabréfanna* skal breyta fjárhæð í *grein 13.14 Ef vanefndatilvik á sér stað* úr „70 ma.kr.“ í „100 ma.kr.“.

Í *kafla 4 Form endanlegra skilmála* skal breyta fjárhæð á forsiðu formsins þannig að eftirleiðis standi þar „100.000.000.000 kr.“ í stað „70.000.000.000 kr.“ og í lokasetningu 1. mgr. á forsiðu formsins skal standa „Grunnlýsingin er birt í tengslum við 100.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa Reita fasteignafélags hf.“ í stað: „Grunnlýsingin er birt í tengslum við 70.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa Reita fasteignafélags hf.“

Í *kafla 6 Tilkynning til fjárfesta* skal breyta fjárhæð í 2. mgr. kaflans úr „70 ma.kr.“ í „100 ma.kr.“ og í *kafla 6.1 Skilgreiningar og tilvísanir* skal breyta fjárhæð í 3. mgr. kaflans úr „70 ma.kr.“ í „100 ma.kr.“.

Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Reita fasteignafélags hf., kennitala 711208-0700, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Reita fasteignafélags hf. sem útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 8. desember 2020

Fyrir hönd Reita fasteignafélags hf.

Dórarinn V. Þórarinnsson

formaður stjórnar

Guðjón Auðunsson

forstjóri